



Fornleifaskráning við
Þiðriksvallavatn í
Hólmavíkurbhreppi vegna
stífluframkvæmda



Bjarni F. Einarsson

Forsíðumyndin sýnir skaft úr leirpotti, sem lá við fornleifar nr. 5:11, rúst við strönd Þiðriksvallavatns. Potturinn gæti verið frá 18. öld. Ljós. B.F.E.




Mynd 1. Yfirlit yfir Þríðriksvallavatn úr vestri. Handan við vatnið sér til Drangsness í Steingrímsfirði, Strandasýslu. Ljósmynd O.V.

Inngangur

Að beiðni Sölva R. Sólbergssonar, hjá Orkubúi Vestfjarða, skráði undirritaður allar fornleifar við Þríðriksvallavatn sem kynnu að lenda undir fyrirhugaðri hækkun yfirborðs vatnsins upp í 90 m.y.s., eða um tæplega 6 metra. Hækkun vatnsins er áætluð til að auka rafmagnsframleiðslu Þverárvirkjunnar. Tiltölulega bratt er niður að vatninu nær allt í kring um það, nema að vestanverður þar sem Þríðriksvellir stóðu forðum. Þar er mjög láglent (og vott) og vel gróið og mun vatnið fara yfir stóran hluta svæðisins, verði yfirborðið hækkað. Farið var í gegn um helstu heimildir svo sem Sýslu- og sóknarlýsingar, Sýslulýsingar 1744-47, Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Frásögur um fornaldarleifar, Árbók Hins íslenska fornleifafélags, Friðlýsingarskrá og heimildir á Örnefnastofnun. Sjá nánar kaflanum *Heimildir* hér að neðan.

Svæðið var að lokum kannað á vettvangi og gengið úr skugga um hvort og hve margar fornleifar kynnu að finnast á því. Svæðið ofan við 90 m.y.s. var ekki kannað og ekki heldur svæðið ofan við veginn hjá eyðibýlinu Vatnshorni, en þar var mikið af rústum bæjarins, þ.á.m. bæjarhóllinn. Vettvangsvinna fór fram þann 12. og 13. október síðastliðinn.



Mynd 2. Sama mynd og mynd 1 að viðbættum staði með fornleifum. X sýna staði með fornleifum, sem ekki voru skráðir. Ath. að einstakar fornleifar við Þóríksvelli eru ekki teiknuð inn á myndina, nema bæjarhöllinn. Rauða línan utan um bæjarstæðið sýnir ca. svæðið með fornleifum.



3. Sama mynd og mynd 1 að viðbætti hæðarlínu hinnar fyrirhuguðu stækkunnar.

Þiðriksvallavatn er við Steingrímsfjörð í Strandasýslu, skammt suður af Hól mavík. Liggur það nokkra km frá ströndinni, inn á milli fjalla rétt vestur af Þverárvirkjun.

Skráningin


Á svæðinu eru engar fornleifar friðlýstar, en skv. núgildandi þjóðminjalögum eru hins vegar allar fornleifar, eldri en 100 ára, friðaðar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi fornleifanefndar (17. gr.). Því eru allar þær fornleifar, sem eldri eru en 100 ára, á svæðinu friðaðar með þeirri vernd sem þjóðminjalögin veita þeim.

Á svæðinu fundust sjö staðir með samtals 31 fornleifum. Af þessum stöðum telst einn staður, nr. 5:1-18, hafa hátt minjagildi, fjórir staðir hafa talsvert minjagildi og tveir staðir hafa lítið minjagildi (sjá töflu hér að neðan). Af einstökum fornleifum hafa einar fornleifar hátt minjagildi (bæjarhóllinn, nr. 5:12), 22 talsvert og átta lítið minjagildi.

Undirritaður telur koma til álita að friðlýsa bæjarstæði Þiðriksvalla eða aðeins bæjarhólinn. Einnig gæti komið til greina að friðlýsa rústir nr. 7, þó með vissum fyrirvara (sjá síðar).

Nr.	Tegund	Fj	Háttm	Hæð	Ársl	Altr	Mjggl	Líkt	Fíka
1:1	Varða	1	Vatn	Lítill	Ágætt	1900-	Lítið	Nei	Nei
2:1	Rústir	5	Vatn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
3:1	Rúst	1	Vatn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
4:1	Gerði (nátthagi)	2	Vatn	Mikil	Ágætt	1900-	Talsvert	Nei	Nei
5:1-18	Bæjarstæði	-	Vatn	Mikil	Ágætt	1550-1900	Hátt	Nei	Já
5:1	Fjárhús	1	Vatn	Mikil	Ágætt	1900-	Lítið	Nei	Nei
5:2	Rúst	1	Vatn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
5:3	Gerði (kálgarður?)	1	Vatn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
5:4	Rúst	1	Vatn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
5:5	Garður	1	Vatn	Mikil	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
5:6	Rúst	1	Vatn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
5:7	Rúst	1	Vatn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
5:8	Gerði (nátthagi?)	1	Vatn	Mikil	Ágætt	1900-	Talvert	Nei	Nei
5:9	Rúst	1	Vatn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
5:10	Rúst	1	Vatn	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
5:11	Rúst	1	Vatn	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
5:12	Bæjarhóll	1	Vatn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Hátt	Nei	Já
5:13	Túngarður	1	Vatn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
5:14	Rúst	1	Vatn	Mikil	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
5:15	Rúst	1	Vatn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
5:16	Rúst	1	Vatn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
5:17	Rúst	1	Vatn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
5:18	Rúst	1	Vatn	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
6:1	Nátthagi og kartöflug.	2	Vatn	Mikil	Ágætt	1900	Lítið	Nei	Nei
7:1-2	Rúst og garður	-	Vatn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
7:1	Rúst	1	Vatn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
7:2	Garður	1	Vatn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei

Tafla yfir helstu niðurstöður fornleifaskráningarinnar við Þiðriksvallarvatn. Nánari upplýsingar í fornleifaskrá.



Mynd 4. Loftmynd af Þríðriksvallavatni, sem sýnir staðsetning einstakra staða með fornleifum. Ath. að nokkrir staðir hafa fleiri fornleifar. Sjá nánar mynd 5 með staðsetningu fornleifa við Þríðriksvelli (nr. 5:1-18 – 7:1-2).


Minjagildi nr. 5:1-18 felst í heildinni annars vegar og bæjarhólnum hins vegar, en hann geymir aldallanga sögu býlisins Þríðriksvellir.

Gæti sú saga náð til landnámsaldar, en allavega til 1483¹, en þá er Vatnshorn getið í heimildum í fyrsta sinni (Ísl. fornbréfasafn, 1900-1904:476-77). Vatnshorn getur engan vegin verið eldri en Þríðriksvellir og ef eitthvað er, er Vatnshorn byggt úr landi Þríðriksvalla, staðhættir benda eindregið til þess. Undir öllum rústunum á bæjarstaði Þríðriksvalla gætu mjög fornar rústir geymst og ekki er hægt a slá því föstu að allar fornleifar á staðnum hafi verið skráðar. Reyndar má telja víst að svo sé ekki. Við aðrar aðstæður, svo sem sól, snemma árs, úr lofti o.s.frv. kunna fleirri rústir að finnast.

Flestar fornleifarnar voru í sæmilegu ástandi eða 19 stykki. Í ágætu ástandi voru níu og í lélegu aðeins þrjár.

Allar fornleifarnar, nema einar, voru taldar vera í mikilli hættu verði af framkvæmdum. Óháð framkvæmdum eru allavega 6 fornleifar í hættu vegna fyrri hækkunnar vatnsins. Þessar eru nr. 5:11-13 og 18 og 7:1-2. Á meðal þessara fornleifa eru þær sem hafa hæst minjagildi allra á hinu kannaða svæði, eða bæjarhóllinn (nr. 5:12). Skv. munnmælum var bænhus og kirkjugarður „á milli fjárhúsanna og hlíðarinnar.“ Hér er sennilega átt við fornleifar nr. 7:1-2. Sé þetta rétt færast þær í hæsta minjaflokk. Þessar fornleifar eru í mikilli hættu óháð fyrirhuguðum framkvæmdum eins og að framan greinir.

¹ Þetta ár, 1. apríl, er vottorð tveggja manna undirritað í Vatnshorni.



Mynd 5. Loftmynd af undirlendinu vestan við Þiðriksvallavatn, sem sýnir staðsetningu einstakra fornleifa á og við bæjarstæði Þiðriksvalla. Mælikvarði ca. 1:2000.

Þó ekki séu neinar fornleifar taldar vera eldri en 1550 í fornleifaskrá, er lítill vafi á því að eldri fornleifar geymast á svæðinu (eins og vikið er að hér að framan varðandi Vatnshorn), undir yngri rústum og undir grassverðinum sem hefur verið sléttaður í kring um bæjarstæði Þiðriksvalla.

Í heimildum kemur fram að á svæðinu hafi verið hjáleigur eða tómthús svo sem Skerpingsstaðir (nú kallað Fremri Stekkur) og Ísakstóftir. Einnig segja heimildirnar að hugsanlega hafi verið býli þar

sem Grímsgil er eða Grímseyrar, neðan við svokallaðan Stúlkuhól, en hann er talsvert inn af svæðinu sem fer undir vatn og var ekki skoðaður nú. Ekki er nákvæmlega hægt að benda á rústirnar við Fremri Stekk, en þær gætu verið þar sem fornleifar nr. 5:14-15 eru.

Áhrif hækkunnar vatnsborðsins í 90 m.y.s.

Ef vatnsborð Þiðriksvallavatns verður hækkað upp í 90 m.y.s. munu allt að sex staðir með 30 fornleifum fara undir vatn og þar með verða fyrir spjöllum sem af því hlýst (vatn, ís og aur). Bæjarstæði Þiðriksvalla allt mun fara undir vatn. Að mati undirritaðs verður slík framkvæmd ekki ásættanleg nema að undangenginni rannsókn á öllum fornleifunum eða úrvali þeirra. Slíkt úrval þyrfti að fást samþykkt af Þjóðminjasafni Íslands og fornleifanefnd, auk þess leyfis sem rannsóknin sjálf þarf hjá fornleifanefnd (eins og lög gera ráð fyrir). Í 21. gr. þjóðminjalaga stendur: „Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá því áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Þjóðminjasafn ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð og veitulagnir, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknnum.....“ (Þjóðminjalög 1989).

Bæjarhóll Þiðriksvalla (nr. 5:12) er tveir m á hæð, hið minnsta, allur manngerður. Hann geymir slíkt magn upplýsinga að hann hlýtur að falla í hæsta minjaflokk og slíkur staður verður ekki fjarlægður eða settur á kaf nema að undangenginni rannsókn. Gæti slík rannsókn tekið allt að 50-100 mannmánuði ef allt yrði rannsakað. Með samþykki Þjóðminjasafns og leyfi fornleifanefndar væri væntanlega hægt að skera þennan tíma talsvert niður, en eftir stendur sem áður að um mikla rannsókn yrði að ræða og það aðeins á bæjarhólnum. Þá eru allar hinar fornleifarnar ótaldar svo sem hið hugsanlega bænhus og kirkjugarður.

Þegar bæjarhóllinn var skoðaður við vettvangskonunnuna kom í ljós að hann er þegar talsvert laskaður af ágangi vatns, en vatn og ís hefur krafað úr hólnum mikið magn af veggjum. Má sjá veggjabrot standa út í vatnið á nær allar hliðar og mannvistarlög má sjá allan hringinn í jaðri hólins, svo sem móöskulög, ruslalög, gólf og önnur manngerð lög.

Eyðingarferlið er virkt í dag og það þarf að stöðva, annars mun allur hóllinn hverfa innan einhverra ára og gríðarlegt magn upplýsinga glatast.

Umhverfis hólinn, á ströndinni og út í vatninu, sáust þúsundir gripa af öllu mögulegu tagi. Þar mátti sjá keramikbrot, postulínsbrot, glerbrot, brýni, nagla, skeifur, ljái, alls kyns járngrípi, soðsteina, leifar

eldstæða og áðurgreind veggjabrot. Hefur undirritaður aldrei séð þvílíkt magn gripa liggjandi á jörðu hérlandis.²

Skv. 19 gr. Þjóðminjalaga er landeiganda og ábúanda skilt að gera Þjóðminjasafni Íslands viðvart ef fornleifar liggja undir spjöllum af völdum náttúrunnar eða þeim spillt af manna völdum. Sömuleiðis er, skv. 26. gr. Þjóðminjalaga, skylt að tilkynna Þjóðminjasafni Íslands svo fljótt sem við verður komið þegar gripir (forngripir) finnast í jörðu. Með þessari skýrslu eru þessum skyldum fullnægt.

Niðurstaða

Við fornleifaskráningu í tengslum við fyrirhugaða hækkun Þiðriksvallavatns fundust sjö staðir með 31 fornleifum. Allir, nema einn eru í mikilli hættu, ef vatnið veður hækkað. Sex fornleifar eru í mikilli hættu við óbreyttar aðstæður og einar til þrjár þeirra eru í hæsta minjaflokki.

Hækkun vatnsins varðar við þjóðminjalög og þarf leyfi fornleifanefndar til, auk þeirra skilmála sem Þjóðminjasafn Íslands kann að setja. Eyðing fornleifa sem þegar er hafin þarf að stöðva samkvæmt forskrift Þjóðminnasafnsins.

Heimildir:

Guðrún Sveinbjarnardóttir. *Leirker á Íslandi*. Rit Hins íslenska fornleifafélags og Þjóðminjasafns Íslands 3. Reykjavík 1996.

Íslenskt fornbréfasafn, sjötta bindi. Kaupmannahöfn 1900-1904.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Sjöunda bindi. Kaupmannahöfn 1940.

Kristrún Daníelsdóttir. „Þiðriksvellir í Hólmavíkurbreppi.“ Strandpósturinn 17, 1983.

Sýslulýsingar 1744-1749. Sögurit XXVIII. Reykjavík 1957.

Vatnshorn, Hólmavíkurbreppi. *Örnefnaskrá*. Örnefnastofnun.

Þiðriksvellir, Hólmavíkurbreppi. *Örnefnaskrá*. Örnefnastofnun.

Þjóðminjalög 1989, nr. 88, 29 maí. Með síðari breytingum.

Fylgiskjal (hjá O.V. í einu eintaki).

Loftmynd með staðsetningu fornleifa við Þiðriksvallavatn.

² Umferð manna um svæðið hefur ákveðna hættu í för með sér. Menn gætu freystast til þess að taka með sér grip og grip.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Strandasýsla	Hólmavíkurhreppur	4904		1
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Vatnshorn				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	12.10.99	N 65°40.53 W 021°43.42		-	<10

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Varða								1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Vatn	Lítill	Ágætt	1900-	-			Nei	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2			Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið						Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Fremst og efst á nesi við austanvert Þiðriksvallavatn. Ca. 10 m A af vatninu. Klappir og dálítill gróður.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Varða.

Nánast hringlaga botn, 1 - 1,2 m breið (SA - NV) og 1,3 m há, spíssuð í toppinn. Varðan stendur beint á berginu.

Varðan virðist nýlega endurhlaðin og sést það greinilega efst á vörðunni.

Grjótið er mjög misstórt.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Varðan fer ekki undir vatn, en mun standa svo nálægt vatnsborðinu að ís gæti grandað henni. Hún nýtur ekki friðunar þjóðminjalaga sé aldursgreiningin rétt.

Á ljósmyndinni er horft inn vatnið, að Þiðriksvöllum.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Strandasýsla	Hólmavíkurbhreppur	4904		2
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Vatnshorn				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	12.10.99	N 65°40.52 W 021°46.22			<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi						
Rústir			5						
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Timab. hættumat	Timab. hætta	Á kort?		
Vatn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	-			Nei		
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2				Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert							Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Ca. 4 m V af malarvegi og austan megin við læk (bæjarlækinn). Í grasi grónni brekku, niður við vatn.

Heimildir og munnmæli

Vatnshorn. Örnefnaskrá. Örnefnastofnun.

Lýsing

Rústir.

Rústirnar eru á ca. 20 x 75 m stóru svæði (N - S). Austan við svæðið er túngarður, sem heldur áfram upp hlíðina (Sennilega megin túngarður Vatnshorns sem kemur niður hlíðina skammt vestan við bæjarhólinn). Vegurinn fer yfir þennan túngarð í tvígang. Vatnið hefur sorfið lítillega úr garðinum þar sem hann kemur niður að því að austanverðu. Á svæðinu eru allavega 4 rústir, auk túngarðsins, sem ekki er skráður sérstaklega hér.

1) Rúst, syðst á svæðinu niður við vatnið. Ca. 6 x 11 m (NV - SA). Veggir úr torfi (og grjóti), en ekkert form er greinanlegt. Vel gróin. Ca. 5 m NNA af rúst nr. 1) er:


2) Rúst. 5 x 5 m stór og liggur rústin upp að túngarðinum. Vel gróin. Ca. 2 m ofan við rúst nr. 2) er:

3) Rúst. Ca. 6 x 10 m (A - V). Ekkert form sést á rústinni, sem er áföst túngarðinum. Vel gróin. 12 m ofan við rúst nr. 3) er:

Athugasemdir

Rústirnar munu fara á kaf og einnig syðsti hluti túngarðsins. Teikningin sýnir rúst 4 og þar var GPS mælingin gerð.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Strandasýsla	Hólmavíkurbhreppur	4904		3
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Vatnshorn				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	12.10.99	N 65°40.53 W 021°46.28			<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Vatn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900				Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert					Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Ca. 10 m S af malarvegi, og 3 m V af bæjarlæknum. SA undir bæjarhólnum hjá Vatnshorni. Í grasi grónni mýri.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.

Ca. 13 x 14 m (N - S).

Veggir úr torfi og grjóti. Sléttað hefur verið yfir rústina og því sjást engin form á henni. Rústin er þýfð, ógreinileg og vel gróin.

N við rústina, á milli hennar og vegarins, gætu leynst rústabrot og sömuleiðis gæti rúst eða rústabrot teygst sig til suðurs úr SV horni rústarinnar.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin fer sennilega á kaf við hækkun vatnsyfirborðsins í 90 m.y.s.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Strandasýsla	Hólmavíkurhreppur	4904		4
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Vatnshorn				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	12.10.99	N 65°40.45 W 021°47.13			<10

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Gerði (Nátthagi)								2
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Vatn	Mikil	Ágætt	1900-				Nei	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2				Fríðlýsa?	Fríðlýst?
Talsvert							Nei	Nei
								Hvenær
								-

Lega og staðhættir

N við Læk (Dalá) í grasi grónni og sléttri mýri (votlendi).

Heimildir og munnmæli

Krístún Daníelsdóttir. „Þiðriksvellir í Hólmavíkurhreppi.“ Strandpósturinn 17 1983.

Lýsing

Gerði (Nátthagi).

49 x 54 m (NNA - SSV).

Veggir úr torfi, 1 - 1,5 m breiðir og 0,3 - 0,7 m háir.

Dyr eða hlið er í NA horni.

Suður hliðina vantar alveg, en þar rennur Daláin hjá.


Í NA - horni gerðisins er hólf, 6 x 6 m stórt. Veggir

þess eru úr torfi, 1 - 1,2 m breiðir og 0,3 - 0,7 háir.

Dyr eru til S inn í gerðið og út úr hólfinu til N.

Gerðið og hólfið eru vel gróin.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Gerðið og hólfið fara á kaf við hækkun vatnsyfirborðsins í 90 m.y.s. Gerðið nýtur ekki friðunar þjóðminjalaga sé aldursgreiningin rétt.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Strandasýsla	Hólmavíkurhreppur	4904		5
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Þiðriksvellir		Þiðriksvellir		1-18

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	13.10.99	-		-	-

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Bæjarstæði								18
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Vatn	Mikil	Ágætt	1550-1900	1953			Já	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2			Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Hátt						Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Í grónu dalverpi við vestur enda Þiðriksvallavatns, í vel grónu votlendi.

Lýsing

Bæjarstæði.

Bæjarstæðið nær yfir ca. 70 x 100 m stórt svæði og á því voru 18 rústir skráðar. Öruggt má telja að fleirri rústir leynist á svæðinu þó ekki hafi fleirri verið skráðar hér (sléttað hefur verið yfir sumar rústir).

Þiðriksvellir voru tvíbýli á vissum tímum, en þess sáust þó ekki merki við könnunina. Líklega hefir verið sléttað vel yfir annan bæinn, ef hann var þá ekki samvaxin hinum. Einnig kemur til greina að hann hafi farið undir vatn.

Í vatnsborðinu má sjá mikið af gripum (þúsundir) og nokkrar leifar af rústum sjást þar einnig.

Heimildir og munnmæli

Krístún Daníelsdóttir. „Þiðriksvellir í Hólmavíkurhreppi.“ Strandpósturinn 17. 1983. Sýslulýsingar 1744 - 1749. Sögufélag gaf út. Sögurit XXVIII. Reykjavík 1957. Bls. 199. Þiðriksvellir. Örnefnaskrá. Örnefnastofnun.

Í þjóðsögunni af Steingrími trölla segir frá

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Bæjarstæðið fer allt undir vatn við hækkun vatnsyfirborðsins í 90 m.y.s. Aðgerða er þörf til að stöðva þá eyðileggingu sem nú er í gangi.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Strandasýsla	Hólmavíkurbhreppur	4904		5
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Þiðriksvellir				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	13.10.99	N 65°40.33 W 021°46.52		-	<10

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Fjárhús								1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Vatn	Mikil	Ágætt	1900-	1953			Nei	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2			Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið						Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Ca. 10 m SV af Þiðriksvallavatni og ca. 30 m S af hólma í vatninu (bæjarhól, nr. 5:12).
Votlendi, vel gróið.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Fjárhús.

11,5 x 19 m (VSV - ANA).

Veggir úr grjóti og torfi, 1 - 2 m breiðir og 0,2 - 1 m háir.

8 hólfi eru á rústinni (A - H). Dyr eru á hólfi A til austurs og trúlega hafa dyr verið á hólfum B - F til suðurs. Einnig eru dyr á hólfi G inn í hólfi B, en aðrar dyr eru ekki öruggar, þó líklegt sé að dyr hafi verið úr hólfi G inn í hólfin að sunnanverðu.

Hólf G er hlaða, hólfi C - E fjárgeymslur (eru í raun sama hólfið með gördum/jötum eftir endilöngu) og hólfi B og F gangar. Hólf A gæti verið hrútakofi og um hólfi H er óvíst.

Þrjú fjárböð eru í rústinni, öll steipt.

Í hólfi A eru þakrestar og hangir þakið að hluta enn uppi. Í öðrum hólfum eru timburleifar á víð og dreif og sömuleiðis er járn (bárujárn og annað járn) víðsvegar að finna í rústinni.

Fjárhúsið stendur ofan á eldri rústum og sjást þær vel vestan og norðan við húsið.


Rústin er vel gróin.

24 m NNV af fjárhúsinu eru rústir nr. 5:2.

Athugasemdir

Fjárhúsið fer allt undir vatn við hækkun vatnsyfirborðsins í 90 m.y.s. Vegna aldurs hússins nýtur það ekki verndunar laganna, en það gera leifarnar undir húsinu. Allar leifar eldri en 1900 eru friðaðar skv. þjóðminjalögum.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Strandasýsla	Hólmavíkurhreppur	4904		5
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Þiðriksvellir				2

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	13.10.99	N 65°40.33 W 021°46.56		-	<10

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Rúst								1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Timab. hættumat	Timab. hætta	Á kort?	
Vatn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	-			Nei	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2				Fríðlýsa?	Fríðlýst?
Talsvert							Nei	Nei

Lega og staðhættir

24 m NNV af fjárhúsi nr. 5:1, ca. 15 m SV af Þiðriksvallavatni og ca. 20 m SV af hólma (bæjarhóll, nr.5:12) í vatninu. Votlendi, vel gróið.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.

6 x 16 m (NA - SV).

Veggir úr torfi og grjóti, 1,2 - 1,5 m breiðir og 0,3 - 0,4 m háir.


Tvö hólfi eru á rústinni (A og B). Dyr eru trúlega á hólfi B til SA við SA - hornið.

Eftir hólfi B gengur garður eða hryggur í sömu stefnu og rústin sjálf.

Vestan við rústina eru eldri rústabrot.

Rústin er vel gróin.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin fer öll undir vatn við hækkun vatnsyfirborðsins í 90 m.y.s.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Strandasýsla	Hól mavíkurhreppur	4904		5
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Þiðriksvellir				3

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	13.10.99	N 65°40.32 W 021°46.55		-	<10

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Gerði (kálgarður?)								1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Vatn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	-			Nei	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2				Fríðlýsa?	Fríðlýst?
Talsvert							Nei	Nei
							Hvenær	-

Lega og staðhættir

Ca. 9 m V af rúst nr. 5:1, sunnan í lágu hólí.
Votlendi, vel gróið.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Gerði (kálgarður?).

14 x 16 m (NNV - SSA).

Veggir úr torfi, ca. 0,5 - 1 m breiðir og 0,2 - 0,6 m háir.

A - hliðina vantar. Garðurinn er vel gróin.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Gerðið fer allt undir vatn við hækkun vatnsyfirborðsins í 90 m.y.s.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Strandasýsla	Hólmavíkurhreppur	4904		5
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Þiðriksvellir				4

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	13.10.99	N 65°40.33 W 021°46.51		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Timab. hættumat	Timab. hætta	Á kort?
Vatn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Fríðlýsa?	Fríðlýst?	Hvenær
Talsvert					Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Ca. 15 m SV af rúst nr. 5:1, í votlendi, vel grónu.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.

8 x 9 m (N - S).

Veggir úr torfi, 1 - 1,5 m breiðir og 0,3 - 0,5 m háir. Tvö hólfi eru á rústinni (A og B). Dyr eru á hólfi A til austurs og úr því hólfi inn í hólfi B að sunnanverðu.

Rústin er vel gróin og talsvert úr lagi færð.

Ca. 1 m norðan við rústina gengur garður nr. 5:5 til NV.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin fer öll undir vatn við hækkun vatnsyfirborðsins í 90 m.y.s.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Strandasýsla	Hól mavíkurhreppur	4904		5
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Þiðriksvellir				5

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	13.10.99	N 65°40.32 W 021°46.55			<10

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Garður								1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Vatn	Mikil	Ágætt	1550-1900	-			Nei	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2				Fríðlýsa?	Fríðlýst?
Talsvert							Nei	Nei
								-

Lega og staðhættir

Á milli rústa nr. 5:3 og 5:4.
Í votlendi, vel grónu.

Heimildir og munnmæli

Lýsing


Garður.

31 m langur (NV - SA).

Garðurinn er úr torfi, 2,5 - 3 m breiður og 0,5 m hár.
Hann er þýfður og vel gróin. Tengir saman að hluta
rúst 5:3 og 5:4.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin fer öll undir vatn við hækkun vatnsyfirborðsins í 90 m.y.s.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Strandasýsla	Hólmavíkurhreppur	4904		5
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Þiðriksvellir				6

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	13.10.99	N 65°40.30 W 021°46.51			<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Rúst			1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur
Vatn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900
Í eyði	-	Timab. hættumat	Timab. hætta
Á kort?	Nei		
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2
Talsvert			
Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Nei	Nei	-	

Lega og staðhættir

Ca. 12 m S af rúst nr. 5:4 og ca. 25 m V af Þiðriksvallavatni.
Votlendi, vel gróið.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.

8 x 10 m (N - S).


Veggir úr torfi (og grjóti?), 1 - 2 m breiðir og 0,2 - 0,4 m háir.

Þrjú hólfr eru á rústinni (A - C). Dyr eru á hólfi A til suðurs og trúlega eru dyr á hólfi B inn í hólfi A til austurs.

Rústin er óregluleg, þýfð og vel gróin.

6 m A af rúst nr. 5:6 er rúst nr. 5:7.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin fer öll undir vatn við hækkun vatnsyfirborðsins í 90 m.y.s.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Strandasýsla	Hólmavíkurhreppur	4904		5
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Þiðriksvellir				7

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	13.10.99	N 65°40.32 W 021°46.40			<10

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Rúst								1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Vatn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	-			Nei	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2				Fríðlýsa?	Fríðlýst?
Talsvert							Nei	Nei

Lega og staðhættir

6 m A af rúst nr. 5:6 og ca. 20 m V af Þiðriksvallavatni. Votlendi, vel gróið.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.

6,5 x 9 m (N - S).


Veggir úr torfi (og grjóti?), 1,5 - 2 m breiðir og 0,2 - 0,4 m háir.

Dyr eru trúlega til NA.

Rústin er óregluleg og vel gróin.

9 m SA af rúst nr. 5:7 er rúst nr. 5:8.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin fer öll undir vatn við hækkun vatnsyfirborðsins í 90 m.y.s.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Strandasýsla	Hólmavíkurhreppur	4904		5
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Þiðriksvellir				8

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	13.10.99	N 65°40.30 W 021°46.49			<10

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Gerði (Nátthagi?)								1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Timab. hættumat	Timab. hætta	Á kort?	
Vatn	Mikil	Ágætt	1900-	-			Nei	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2				Fríðlýsa?	Fríðlýst?
Talsvert							Nei	Nei

Lega og staðhættir

9 m SA af rúst nr. 5:7.
Votlendi, vel gróið.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Gerði (Nátthagi?).


12 x 15 m (N - S).

Veggir úr torfi, 0,6 - 1,5 m breiðir og 0,2 - 0,7 m háir.


Þrjú hólfr eru á rústinni (A - C). Dyr eru á hólfi A við SA - hornið. A - hliðin á hólfi C er ógreinileg. Rústin er vel gróin.

20 m N af rúst nr. 5:8 er rúst nr. 5:9.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin fer öll undir vatn við hækkun vatnsyfirborðsins í 90 m.y.s. Gerðið nýtur ekki friðunar þjóðminjalaga sé aldursgreiningin rétt.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Strandasýsla	Hólmavíkurhreppur	4904		5
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Þiðriksvellir				9

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	13.10.99	N 65°40.32 W 021°46.50			<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Rúst			1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur
Vatn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900
Í eyði	-	Timab. hættumat	Timab. hætta
Á kort?	Nei		
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2
Talsvert			
Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Nei	Nei	-	

Lega og staðhættir

20 m NNA af rúst nr. 5:8 og ca. 13 m V Þiðriksvallavatni.
Votlendi, vel gróið.


Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.

4 x 12 m (NNA - SSV).1
Veggir úr torfi, 1 - 1,5 m breiðir og 0,2 - 0,3 m háir.
Tvö hólfr eru á rústinni (A og B). Dyr ekki greinanlegar.
Rústin er þýfð, ógreinileg og vel gróin.
Við endana gæti verið hrun úr göflunum og því hefur upphafleg lengd rústarinnar verið ca. 8 m.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin fer öll undir vatn við hækkun vatnsyfirborðsins í 90 m.y.s.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Strandasýsla	Hólmavíkurhreppur	4904		5
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Þiðriksvellir				10

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	13.10.99	N 65°40.34 W 021°46.49			<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Vatn	Mikil	Lélegt	1550-1900				Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Fríðlýsa?	Fríðlýst?	Hvenær
Lítið					Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Ca. 8 m V af Þiðriksvallavatni.
Votlendi, vel gróið.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.


6 x 9 m (A - V).

Veggir úr torfi, 0,1 - 0,3 m háir. Breidd veggja ekki greinanleg.

Engin almennileg lögun sést á rústinni.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin fer öll undir vatn við hækkun vatnsyfirborðsins í 90 m.y.s.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Strandasýsla	Hólmavíkurhreppur	4904		5
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Þiðriksvellir				11

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	13.10.99	N 65°40.36 W 021°46.51			<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Timab. hættumat	Timab. hætta	Á kort?
Vatn	Mikil	Lélegt	1550-1900				Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið					Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Ca. 5 m frá Þiðriksvallavatni, við endimörk gróðurþekjunnar, ca. 15 m SV af hólma (bæjarhólnum nr. 5:12).
Votlendi.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.

4,5 x 4,5 m (N - S).

Veggir úr grjóti, 0,3 - 1 m breiðir og 0,1 - 0,2 m háir.

Rústin er að mestu leyti horfin v/vatnságangs. Nú sést þar aðeins grunnur hússins.

V - hliðina vantar að hluta og þar gæti hafa verið timburþil yfir einfaldri steinaröð.

Í rústinni og næst henni sáust, auk steina úr veggjum, gripir eins og grýtubrot, bein, keramikbrot og fl.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin fer öll undir vatn við hækkun vatnsyfirborðsins í 90 m.y.s.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Strandasýsla	Hólmavíkurhreppur	4904		5
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Þiðriksvellir		Þiðriksvellir		12

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	13.10.99	N 65°40.36 W 021°46.51			<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi					
Bæjarhóll			1					
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Vatn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	1953			Já	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2			Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Hátt						Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Á hólma við Þiðriksvallavatn. Stundum umlukinn vatni.
Votlendi.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Bæjarhóll.

Á hólnum, sem er ca. 27 x 35 m stór (N - S) og ca. 2 m hár, eru nokkrar minjar sem ekki eru skráðar sérstaklega, enda hluti af sama mannvirki, bænum. Rústabrotin eru úr lagi færð á háhólnum, en við jaðar hólsins má sjá marga veggi ganga út í vatnið auk þúsundir gripa sem þar liggja á víð og dreif í kring um hólninn. Gripirnir voru t.d. keramik, postulín, skeifur, ljáir, brýni, naglar og járn af ýmsu tagi. Að auki sáust veggjatorf, eldsprungnir steinar og steinar sem gátu verið hluti af óni eða eldstæði. Allur hóllinn er manngerður og er toppur hans vel gróinn, en mikil röskun á sér stað vegna vatnsins (ís og öldurót).

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin fer öll undir vatn við hækkun vatnsyfirborðsins í 90 m.y.s. Hóllinn er í mikilli hættu og aðgerða er þörf til að stöðva áframhaldandi skemmdir vegna vatnságangsins.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Strandasýsla	Hól mavíkurbhreppur	4904		5
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Þiðriksvellir				13

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	13.10.99	-		-	-

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi						
Túngarður			1						
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Timab. hættumat	Timab. hætta	Á kort?		
Vatn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900				Nei		
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2				Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert							Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Liggur skammt frá bæjarhólnum í hálfhring utan um rústasvæðið, en nær þó ekki alla leið. Votlendi, vel gróið.

Heimildir og munnmæli


Lýsing

Túngarður.

Ca. 200 m langur, 1 - 1,5 m breiður og 0,3 - 1 m hár. Túngarðinum mjókkar upp á við, jafnt báðum megin. Garðurinn liggur í hálfhring utan um rústirnar og endar skammt suður af rúst nr. 5:14. 30 m frá N - endanum er hólf áfast garðinum að innanverðu. Er það 3 x 5 m (NA - SV). Túngarðurinn beygir til austurs ca. 160 m frá N - enda. Garðurinn er víða rofinn, þ.m.t. þar sem tröð hefur legið í gegn (hjá rúst nr. 5:16).

Utan við túngarðinn er rúst nr. 5:14.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin fer öll undir vatn við hækkun vatnsyfirborðsins í 90 m.y.s.

Fornleifaskrá

Sýsla

Strandasýsla

Sveitarfélag

Hólmavíkurhreppur

Nív. sveitarfél.

4904

Hverfi

Aðalnr.

5

Landareign

Þiðriksvellir

Mí:Nr

Heiti

Undirnr.

14

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

13.10.99

GPS Staðsetning

N 65°40.30 W 021°46.57

Viðmiðun

M.y.s. Skekkja

-

<10

Tegund minja

Rúst

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Fjöldi

1

Hættumat

Vatn

Hætta

Mikil

Ástand

Ágætt

Aldur

1550-1900

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Nei

Minjagildi

Talsvert

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Fríðlýsa?

Nei

Fríðlýst?

Nei

Hvenær

-

Lega og staðhættir

Vestan og utan við túngarð, rúst nr. 5:13. Á lágum hrygg sem liggur upp í skarð fyrir ofan bæinn. Votlendi, vel gróið.

Heimildir og munnmæli



Lýsing

Rúst.

6 x 14 m (ANA - VSV).


Veggir úr torfi (og grjóti?), 1 - 3 m breiðir og 0,4 - 1,1 m háir.

Þrjú hólfi eru á rústinni (A - C). Dyr eru á hólfi A til norðurs. Lögun einstakra hólfa er óljós. Rústin er nánast áföst túngarðinum.

Hinumeigin við túngarðinn, nokkra metra til norðurs, er trúlega rúst.

18 m V af rúst nr. 5:14 er rúst nr. 5:15.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin fer öll undir vatn við hækkun vatnsyfirborðsins í 90 m.y.s.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Strandasýsla	Hólmavíkurhreppur	4904		5
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Þiðriksvellir				15

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	13.10.99	N 65°40.30 W 021°47.01		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Vatn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900				Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið					Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

18 m V af rúst nr. 5:14. Á lágum hrygg, sem liggur upp að skarði fyrir ofan bæinn.
Votlendi, vel gróið.

Heimildir og munnmæli

Lýsing


Rúst.

4,5 x 4,5 m (A - V).

Veggir úr torfi, 0,5 - 1 m breiðir og 0,2 - 0,5 m háir.

Rústin er þýfð, ógreinileg og vel gróin.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd

Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin fer öll undir vatn við hækkun vatnsyfirborðsins í 90 m.y.s.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Strandasýsla	Hólmavíkurhreppur	4904		5
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Þiðriksvellir				16

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	13.10.99	N 65°40.33 W 021°46.59		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi					
Rúst			1					
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Timab. hættumat	Timab. hætta	Á kort?	
Vatn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900				Nei	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2			Fríðlýsa?	Fríðlýst?	Hvenær
Talsvert						Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Á dálitlum hól. Í votlendi, vel grónu.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.

6 x 12 m (NA - SV).

Veggir úr torfi (og grjóti), 1 - 1,5 m breiðir og 0,3 - 0,6 m háir.


Þrjú hólfa eru á rústinni (A - C). Dyr eru á milli hólfa A og B.

Rústin er þýfð og vel gróin.

Austan og norðan við rústina eru rústabrot og tröðin liggur ca. 1 m frá austur hliðinni (fer einnig í gegn um túngarðinn, rúst nr. 13).

12 m A af rúst nr. 5:16 er rúst nr. 5:17.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin fer öll undir vatn við hækkun vatnsyfirborðsins í 90 m.y.s.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Strandasýsla	Hólmavíkurhreppur	4904		5
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Þiðriksvellir				17

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	13.10.99	N 65°40.33 W 021°46.57		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Vatn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900				Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert					Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

12 m austur af rúst nr. 5:16, á dálitlum hól.
Votlendi, vel gróið.

Heimildir og munnmæli

Lýsing


Rúst.

5,5 x 9 m (A - V).

Veggir úr torfi (og grjóti?), 1 - 1,5 m breiðir og 0,2 - 0,4 m háir. Tvö hólf eru á rústinni (A og B). Dyr eru á milli hólfanna.

Rústin er ógreinileg og þýfð.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin fer öll undir vatn við hækkun vatnsyfirborðsins í 90 m.y.s.

Fornleifaskrá

Sýsla

Strandasýsla

Sveitarfélag

Hól mavíkurhreppur

Núv. sveitarfél.

4904

Hverfi

Aðalnr.

5

Landareign

Þiðriksvellir

Mí:Nr

Heiti

Undirnr.

18

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

13.10.99

GPS Staðsetning

N 65°40.33 W 021°46.44

Viðmiðun

M.y.s. Skekkja

-

<10

Tegund minja

Rúst

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Fjöldi

1

Hættumat

Vatn

Hætta

Mikil

Ástand

Lélegt

Aldur

1550-1900

Í eyði

-

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Nei

Minjagildi

Lítið

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

-

Lega og staðhættir

Skammt ASA af rúst nr. 5:1 u.þ.b. 1 m úti í Þiðriksvallavatni.

Heimildir og munnmæli




Lýsing

Rúst.

Ca. 6 m langur veggur úr grjóti. Við S - endan er horn á veggnum þar sem hann beygir til V. Veggurinn er 1 - 1,5 m breiður og 0,1 - 0,2 m hár. Rústin er að mestu leyti eydd og aðeins hluti af undirstöðunni eftir.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin fer öll undir vatn við hækkun vatnsyfirborðsins í 90 m.y.s.

Fornleifaskrá

Sýsla

Strandasýsla

Sveitarfélag

Hólmanvíkurhreppur

Núv. sveitarfél.

4904

Hverfi

Aðalnr.

6

Landareign

Þiðriksvellir

Mí:Nr

Heiti

Undirnr.

1

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

13.10.99

GPS Staðsetning

N 65°40.29 W 021°47.11

Viðmiðun

M.y.s. Skekkja

-

<10

Tegund minja

Nátthagi og kartöflugarður

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Fjöldi

2

Hættumat

Vatn

Hætta

Mikil

Ástand

Ágætt

Aldur

1900-

Í eyði

-

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Nei

Minjagildi

Lítið

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Fríðlýsa?

Nei

Fríðlýst?

Nei

Hvenær

-

Lega og staðhættir

Talsvert fyrir ofan bæinn, við brekkurót og á brekkukannti. Gæti verið fyrir utan vatnssvæðið. Grasi gróin úthagi.

Heimildir og munnmæli



Lýsing

Nátthagi og kartöflugarður.

Á ca. 20 m stóru svæði. Kartöflugarðurinn liggur fyrir ofan nátthagann.

Nátthaginn er 17 x 18 m (N - S). Veggir úr grjóti og torfi, 0,7 - 1,5 m breiðir og 0,3 - 0,6 m háir.

Austur hliðin er mun veigaminni.

Nátthaginn er vel gróinn.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústirnar gætu farið undir vatn við hækkun vatnsyfirborðsins í 90 m.y.s. Þær njóta ekki friðunar þjóðminjalaga sé aldursgreiningin rétt.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Strandasýsla	Hólmavíkurhreppur	4904		7
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Þiðriksvellir				1-2

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	13.10.99	-		-	-

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi	
Rúst og garður								2	
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?		
Vatn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900				Nei		
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?				Friðlýst?	Hvenær
Talsvert				Nei				Nei	-

Lega og staðhættir

Niður við Þiðriksvallavatn suðvestanvert.
Votlendi, vel gróið að hluta.

Heimildir og munnmæli

Þiðriksvellir. Örnefnaskrá. Örnefnastofnun.

Lýsing

Rúst og garður.

Minjarnar eru á ca. 40 m stóru svæði. Vatnið hefur nagað úr eystri hluta minjanna.

Hólf, sem áfast er garðinum, er ekki skráð sérstaklega hér.

Hugsanlega eru rústirnar nátthagi.

Í Örnefnaskrá Þiðriksvalla er sagt að á milli fjárhúsanna og hlíðarinnar hafi verið hringmyndaður torfgarður. Sagt er og að munnmæli hermi að þarna hafi verið bænhús og kirkjugarður til forna. Sést hafi móta fyrir leiðum árið 1953, þegar bærinn fór í eyði. Þetta gæti átt við þessar rústir.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin fer öll undir vatn við hækkun vatnsyfirborðsins í 90 m.y.s.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Strandasýsla	Hólmavíkurhreppur	4904		7
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Þiðriksvellir				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	13.10.99	N 65°40.29 W 021°46.36		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Vatn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900				Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Fríðlýsa?	Fríðlýst?	Hvenær
Talsvert					Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Skammt frá strönd Þiðriksvallavatns (ca. 5 m) sunnarlega í dalnum.
Votlendi, vel gróið.

Heimildir og munnmæli


Lýsing

Rúst.

7,5 x 9 m, nánast hringlaga. Veggir úr torfi og grjóti, 2 - 3 m breiðir og 0,4 - 0,7 m háir.
Dyr snúa mót NA.
Rústin er þýfð og vel gróin.
Gæti verið fjárborg.

16 m vestur af rústinni er rúst nr. 7:2.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin fer öll undir vatn við hækkun vatnsyfirborðsins í 90 m.y.s.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Strandasýsla	Hólmavíkurhreppur	4904		7
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Þiðriksvellir				2

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	13.10.99	N 65°40.31 W 021°46.44		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Garður			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Vatn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900				Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert					Nei	Nei	

Lega og staðhættir

16 m V af rúst nr. 7:1.
Votlendi, vel gróið.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Garður.

43 m langur í hálfhring utan um rúst nr. 7:1. Veggir úr torfi, 1,5 - 2 m breiðir og 0,4 - 1 m háir. Vatnið hefur tekið af A - hlutan.

Vestast og að utanverðu er hólf eða rúst, 3,5 x 12 m. Veggir hennar eru úr torfi, 0,5 - 1,2 m breiðir og 0,5 - 0,7 m háir.

Garðurinn er rofinn á þremur stöðum, auk austurkaflans sem vantar.

Sunnan við garðinn er ungur láreistur garður eða girðing sem liggur upp í átt að skarðinu. Einstaka girðingastaurar úr timbri sjást enn í girðingunni.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin fer öll undir vatn við hækkun vatnsyfirborðsins í 90 m.y.s.